



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Reykjavík 29. október 2020

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003, með síðari breytingum (skipt búseta barns), 11. mál.

Vísað er í tölvupóst frá nefndasviði Alþingis, dags. 13. október sl., þar sem óskað var eftir umsögn umboðsmanns barna um framangreint frumvarp. Það var lagt fram á 150. Löggjafarþingi (707. mál) en náði ekki fram að ganga og er nú lagt fram að nýju, óbreytt í öllum meginatriðum. Með hliðsjón af því vísar umboðsmaður barna til fyrri umsagnar um sama mál sem fram kemur hér að neðan.

Umboðsmaður barna fagnar þeim breytingum sem frumvarp þetta felur í sér og sérstaklega er ánægjulegt að skýra og styrkja eigi ákvæði um rétt barna til þess að tjá sig. Það nýmæli sem felst í 9. gr. frumvarpsins er mikilvægt og til þess fallið að styrkja réttarstöðu barna og rétt þeirra til þess að tjá sig og hafa áhrif í samræmi við aldur og þroska í samræmi við 12. gr. Barnasáttmálans. Ákvæðið gerir ráð fyrir því að barn geti haft frumkvæði að því að sýslumaður boði foreldra til samtals til að ræða fyrirkomulag forsjar, lögheimilis, búsetu og umgengni. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að stefnt sé að því að styrkja rétt barna til þess að tjá sig í málum sem varða velferð þeirra og líðan. Umboðsmaður barna fagnar því sérstaklega að ekki sé gerð krafa um lágmarksaldur barns til þess að nýta þetta úrræði og þá er jafnframt jákvætt að kveðið sé á um það að markmið samtalsins sé að stuðla að því að finna fyrirkomulag sem er best fyrir barnið og að taka beri tillit til sjónarmiða barnsins við það mat. Þessi nálgun er í samræmi við túlkun Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna á 12. gr. Barnasáttmálans eins og m.a. kemur fram í almennu áliti nefndarinnar nr. 12. Þá vill umboðsmaður áréttta mikilvægi þess að þetta úrræði verði bæði kynnt fyrir börnum og gert þeim aðgengilegt en það er nauðsynlegt til þess að viðkomandi úrræði standi þeim raunverulega til boða. Í greinargerð frumvarpsins kemur fram að tekið hafi verið tillit til athugasemda embættis umboðsmanns barna sem hefur ítrekað bent á að ákvarðanir í málum er varða forsja, lögheimili og umgengni

séu oft teknar út frá forsendum foreldra sem vilja gæta að jafnræði. Umboðsmaður hefur lagt áherslu á að taka eigi ákvarðanir er varða velferð barna út frá forsendum þeirra og jafnframt að styrkja þurfi rétt barna til að tjá afstöðu sína í málum af þessum toga. Í frumvarpinu er jafnframt lagðar til frekari breytingar í því skyni að styrkja rétt barns til að tjá sig m.a. við sáttameðferð í samræmi við aldur barnsins og þroska. Umboðsmaður barna telur að hér sé sömuleiðis um mikilvægt framfaraskref að ræða. Umfangsmestu breytingar á barnalögum sem frumvarpið felur í sér varðar heimild foreldra til þess að semja um skipta búsetu barns og réttaráhrif þess. Að mati umboðsmanns barna er jákvætt að sett séu skilyrði fyrir því að nýta skipta búsetu og að áhersla sé lögð á að úrræðið þjóni hagsmunum barnsins. Mikilvægt er að staðfesting samnings um skipta búsetu barna sé háð skýrum skilyrðum um samstarfs- og samtalsvilja foreldra og að kveðið sé á um nálægð beggja heimila og rétt barna til samfellu í skóla- og frístundastarfi. Þannig er frekar undirstrikað að um er að ræða úrræði sem fyrst og fremst er ætlað til hagsbóta fyrir barnið. Enda þjónar það hagsmunum barns að samstaða ríki meðal foreldra þeirra um þau atriði sem varða barnið. Grundvöllur þess að skipt búseta þjóni hagsmunum barnsins er að foreldrar þess geti átt í góðum samskiptum og unnið saman af virðingu og tillitssemi og sýnt sveigjanleika þegar þess þarf. Að mati umboðsmanns barna er jafnframt nauðsynlegt að sýslumaður geti synjað um staðfestingu samnings um skipta búsetu telji hann það brjóta í bága við bestu hagsmuni barns eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Umboðsmaður telur að það sé æskilegt að sýslumaður geti boðið foreldrum ráðgjöf í málum er varða skipta búsetu barna eins og gert er ráð fyrir í 7. gr. frumvarpsins, í greinargerð er sérstaklega áréttað að ágreiningur foreldra komi almennt í veg fyrir að skipt búseta komi til álita. Ráðgjöf sýslumanns ætti því fyrst og fremst að snúa að upplýsingagjöf um úrræðið og þær ríku kröfur sem fyrirkomulag skiptrar búsetu gerir til foreldra um samskipti, samstarf og samábyrgð. Með hliðsjón af því ætti fyrirkomulag skiptrar búsetu ekki að koma til álita ef ágreiningur er meðal foreldra sem liðsinni sýslumanns þarf við til að leysa. Það er mikilvægt að samstarfsvilji sé raunverulega til staðar og umboðsmaður sér ekki að úrræðið muni hafa tilætluð áhrif ef sýslumaður á að koma að því að setta aðila og útfæra skipta búsetu. Það er mikilvægt fyrir hagsmuni barna að leyst sé úr málum sem varða velferð og hagsmuni þeirra hratt og örugglega. Nú þegar er mikið álag hjá sýslumanni og of löng bið eftir þjónustu svo sem sáttameðferð. Það er mat umboðsmanns að vissulega sé eðlilegt að foreldrar sem vilji nýta skipta búsetu geti fengið ráðleggingar hjá sýslumanni en ekki á að vera þörf fyrir sáttameðferð. Í greinargerð kemur fram að æskilegt sé að bjóða sáttameðferð þegar foreldra greinir á um brottfall samnings um skipta búsetu, ef slík staða kemur upp er það mat umboðsmanns að skilyrði fyrir skiptri búsetu séu ekki lengur fyrir hendi. Enda byggir úrræðið á ríkum

samstarfsvilja og getu foreldra til þess að hafa samstarf sín á milli með hagsmuni barnsins að leiðarljósi. Umboðsmaður fær ekki séð hvernig skilyrði skiptrar búsetu séu fyrir hendi ef þörf er á sáttameðferð og vill undirstrika mikilvægi þess að staðfesting samnings um skipta búsetu barna sé háð skýrum skilyrðum um samstarfs- og samtalsvilja foreldra enda gengur það gegn hagsmunum barna ef svo er ekki. Ef þörf er á sáttameðferð til að hjálpa foreldrum að gera nauðsynlegar breytingar á samningi eru skilyrði þess að geta nýtt úrræðið ekki fyrir hendi. Þá kemur fram að æskilegt sé að bjóða sáttameðferð þegar foreldra greinir á um brottfall samnings um skipta búsetu. Ef slík staða kemur upp virðast forsendur skiptrar búsetu ekki lengur vera til staðar. Með þessu mun sýslumaður fá inná borð til sín ágreiningsmál sem varða skipta búsetu og er það í andstöðu við tilgang og markmið þessa úrræðis. Það er mikilvægt að þetta úrræði þjóni markmiðum sínum og gæti hagnuna barna en snúist ekki upp í andhverfu sína með því að lengja og flækja málsmeðferð. Með frumvarpinu eru lagðar til gagngerar breytingar á ákvæðum barnalaga hvað varðar framfærslu barns og meðlag með áherslu á aukið samningsfrelsi þar sem taka á aukið tillit til tekna beggja foreldra og umfang umgengni. Að mati umboðsmanns barna þurfa barnalög að taka mið af fjölbreyttum aðstæðum barna og fjölskyldna. Þá er mikilvægt að hugað verði að stöðu allra barna og þeim tryggður réttur til þess að geta notið þeirra úrræða sem kveðið er á um í frumvarpinu í samræmi við 2. gr. Barnasáttmálans. Ljóst er að ef tryggja á jafnrétti allra barna til að nýta skipta búsetu þarf að búa svo um hnútana að börn, sér í lagi fötluð börn, geti í raun búið á heimilum beggja foreldra sinna. Í frumvarpinu kemur fram að beina skuli þjónustu á bæði heimilin en ekki er rætt sérstaklega um stöðu fatlaðra barna sem þurfa stuðning, svo sem hjálpartæki á heimili. Mikilvægt er að útfærðar verði reglur varðandi þennan hóp sem tryggir þeim rétt til að umgangast báða foreldra sína og nýta þau úrræði sem lögin bjóða. Þá þarf einnig að afmarka reglur um greiðslur umönnunarbóta.

Virðingarfyllt,



Salvör Nordal,

Umboðsmaður barna